

## Tillaga að breytingu á samþykktum Hinsegin daga í Reykjavík

Lögð er til breyting á fjórðu grein samþykktu Hinsegin daga þannig að meðstjórnendum í stjórn Hinsegin daga fjölgi úr tveimur í fjóra. Einstaklingum í stjórn félagsins fjölgar þar með úr fimm í sjö. Breytingin nær aðeins til liðar 4.1 sem fjallar um kosningu stjórnar á aðalfundi en aðrir liðir fjórðu greinar haldast óbreyttir eins og sést hér fyrir neðan.

Undanfarin ár hefur reglulega verið rætt um fjölgun aðila í stjórn félagsins enda hefur hátíðin vaxið og dafnað og verkefnum stjórnarfólks þar með fjölgað. Með fleiri aðilum í stjórn gefst færi á betri dreifingu verkefna auk þess að tryggja fleiri sjónarmiðum aðkomu að undirbúningi og framkvæmd allra þeirra mikilvægu viðburða sem Hinsegin dagar standa fyrir á ári hverju.

Það er mat fráfarandi stjórnar að um jákvætt skref sé að ræða en líta má á breytinguna sem tilraunaverkefni á 20 ára afmælisári félagsins sem eðlilegt væri að endurmeta að ári liðnu.

Fyrir hönd stjórnar Hinsegin daga 2018-2019,  
Gunnlaugur Bragi – formaður.

### 4 Stjórn

4.1 Félagar kjósa stjórn á aðalfundi til að gegna embættum formanns, ritara, gjaldkera og ~~tveggja~~ **fjögurra** meðstjórnenda, til eins árs í senn. Kosning skal vera leynileg ef fleiri en einn eru í framboði til einstakra embætta. Hver einstaklingur getur ekki gegnt sama embætti í stjórn lengur en sex ár samfleytt og ekki átt samfellda setu í stjórn félagsins lengur en í tíu ár.

4.2 Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum stjórnar milli aðalfunda.

4.3 Hverfi einhver stjórnarmanna úr stjórn á kjörtímabili skal stjórnin skipa staðgengil hans sbr. grein 3.2 um kjörgengi til stjórnar. Ef tveir eða fleiri stjórnarmenn hverfa úr stjórn skal stjórnin kalla til félagsfundar og efna þar til kosninga um nýja stjórnarmenn til næsta aðalfundar.

4.4 Formaður stýrir fundum stjórnar. Í samráði við stjórn ber formaður ábyrgð á að starfsemi félagsins fari samkvæmt samþykktum félagsins. Gjaldkeri ábyrgist fjárreiður, heldur bókhald félagsins og annast alla nauðsynlega samningagerð því tengda. Gjaldkeri er auk þess staðgengill formanns. Ritari heldur fundargerðir stjórnarfunda, sér um að senda þær til stjórnarmanna, varðveitir samþykktir og fundargerðir félagsins og sér til þess að þær séu tiltækar. Að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum eftir því sem þurfa þykir hverju sinni.

4.5 Stjórnin skal halda minnst 5 stjórnarfundi á ári. Stjórnarfundir eru lögmætir ef einfaldur meirihluti stjórnar er til staðar.

4.6 Stjórn skipar starfsmenn og nefndir til einstakra verka eftir því sem þurfa þykir svo sem til fjáröflunar, umsjónar með innkaupa- og sölumálum, samskipta við fjölmiðla, göngustjórnar, dagskrárstjórnar hátíðahalda og ritstjórnar vefsíðu og dagskrárarrits. Stjórn ábyrgist gerðir þessara aðila og fylgist með því að settum starfsreglum sé fylgt. Stjórn hefur umboð til að skipa launað starfsfólk til tiltekinna verka.

### Skýringar:

- ~~núgildandi~~
- **breyting**